



Reykjavík, 28. maí 2024
SFS24030137

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Tillaga um stofnun stoðdeildar í Breiðagerðisskóla vegna móttöku barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og sækja nám í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. maí 2024 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. maí 2024, um að stofna stoðdeild fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd í 1.-5. bekk sem staðsett verði í Breiðagerðisskóla, ásamt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. mars 2024, umsögn skólaráðs Breiðagerðisskóla, dags. 2. maí 2024 og Úttekt á starfsemi stoðdeildar, skólaúrræði fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd, dags. 1. júní 2023.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fresta afgreiðslu tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um stofnun stoðdeildar í Breiðagerðisskóla vegna móttöku barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og sækja nám í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Þetta er gert vegna fyrirliggjandi umsagnar frá skólaráði Breiðagerðisskóla en í ljósi hennar væri rétt að leita frekari umsagna um málið hjá hagaðilum í Breiðagerðisskóla og eftir atvikum að skoðaðar verði sviðsmyndir þar sem aðrir valkostir eru kannaðir.

Tillagan var felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. maí 2024:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að sett verði á laggirnar stoðdeild fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og verði hún fyrir börn í 1.-5. bekk og staðsett í Breiðagerðisskóla. Stoðdeild Birtu við Seljaskóla þjónusti börn í 6.-10. bekk. Breytingin taki gildi þann 1. ágúst 2024.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá. Tillögunni var vísað til borgarráðs

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans telja að með því að skipta upp þjónustu við börn í leit að alþjóðlegri vernd eftir aldri sé betur komið til móts við ráðleggingar fagfólks og



Reykjavík



þarfir barnanna. Á árunum 2020 til 2024 fór fjöldi barna á aldrinum 6-16 ára sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd úr um 60 börnum upp í um 130 börn en á þessu skólaári eru 56 börn við nám í deildinni. Einnig er nauðsynlegt að hafa starfsemina nærri búsetu fjölskyldnanna og því styður meirihlutinn þá niðurstöðu að vel færi á því að starfsemin verði við Breiðagerðisskóla og samnýti húsnæði með frístundaheimilinu Sólbúum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í ljósi fyrirbyggjandi umsagnar frá skólaráði Breiðagerðisskóla hefði verið rétt að gefa fleiri hagaðilum í Breiðagerðisskóla kost á að tjá sig um þessa tillögu sviðsstjóra. Af þessum ástæðum lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram málsmeðferðartillögu sem meirihlutinn því miður felldi. Af þessum ástæðum sátu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hjá við efnislega afgreiðslu tillögunnar.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 23. maí 2024

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. mars 2024

Umsögn skólaráðs Breiðagerðisskóla, dags. 2. maí 2024

Úttekt á starfsemi stoðdeildar, skólaúrræði fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd, dags. í júní 2023.



Reykjavík



Reykjavík, 23. maí 2024

SFS24030137

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra vegna móttöku barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og sækja nám í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til sett verði á laggirnar stoðdeild fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og verði hún fyrir börn í 1.- 5. bekk og staðsett í Breiðagerðisskóla. Stoðdeild Birtu við Seljaskóla þjónusti börn í 6.-10. bekk. Breytingin taki gildi þann 1. ágúst 2024.

Greinargerð:

Umsækjendur um alþjóðlega vernd í grunnskólum í Reykjavík 2020-2024

Á árunum 2020 til 2024 fór fjöldi barna á aldrinum 6-16 ára sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd úr um 60 börnum upp í um 130 börn. Þessa fjölgun má fyrst og fremst rekja til þess að Vinnuálastofnun hefur tekið í notkun húsnæði við Síðumúla og Suðurhlíð þar sem veitt er þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Við þessar breytingar frá 2022 hefur álag á stoðdeild Birtu og nærliggjandi grunnskóla við Síðumúla og Suðurhlíð aukist það mikið að ekki er unnt að þjónusta börnin með viðeigandi hætti. Vegna sérstöðu þessa nemendahóps er mikilvægt að hlúa vel að félagslegri og námslegri stöðu þeirra á meðan þau dvelja í íslensku samfélagi.

Ný stoðdeild

Í úttekt á starfsemi stoðdeildar Birtu á árunum 2019 – 2022 sem var skilað til skóla- og frístundasviðs í ágúst 2023, var lagt til að stoðdeild skyldi vera aldurskipt til að mæta ólíkum þörfum barna. Starfsemi stoðdeildar Birtu fer fram núna við Seljaskóla og eru um 50 nemendur í 3.-10. bekk þar í dag. Húsnæði Seljaskóla dugar ekki til að sinna þessum mikla fjölda. Ef þjónusta á börn í stoðdeild frá 1. bekk er nauðsynlegt að hafa starfseminu nærri búsetuúrræði fjölskyldnanna og því er það álit skóla- og frístundasviðs að vel færi á því að starfsemin verði við Breiðagerðisskóla og samnýti húsnæði með frístundaheimilinu Sólbúum.

Umsögn skólaráðs Breiðagerðisskóla

Fyrir liggur umsögn Breiðagerðisskóla, dags. 2. maí 2024, og kemur þar fram að skólaráð Breiðagerðisskóla leggi til að Birtu verði fundinn annar staður en við Breiðagerðisskóla. Frá því að skólaráð samdi umsögn sína hefur skóla- og frístundasvið verið í samskiptum við skólastjóra Breiðagerðisskóla og komið hefur verið til móts við þá annmarka sem skólaráðið taldi vera á þessari ráðstöfun.

Kostnaður

Ráðið verður í stöðu deildastjóra, þrjú föst stöðugildi kennara og 70% stöðugildi stuðningsfulltrúa, áætlaður kostnaður 33,9 m.kr. . Stofnkostnaður felst í búnaði,



Reykjavík



húsgögnum og áhöldum fyrir deildina og er einskiptiskostnaður, áætlað 6 m.kr. Annar kostnaður er almennur en í almennu skólastarfi áætlað 5 m.kr. . Greiðslur koma frá ríki og standa þær undir hluta af rekstri grunnri stoðeildar. Þessi nýja eining miðast við 24 nemendur. Verði fleiri nemendur munu greiðslur frá ríki standa undir viðbótarkostnaði. Kostnaður við stoðeild er í samræmi við kostnaðarmat á innleiðingarátætlun á tillögum starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Miðað er við að starfsemi hefjist 1. ágúst 2024 og er því kostnaður aðeins á haustönn árið 2024. Gert er ráð fyrir að húsnæði deildarinnar verði í Breiðagerðisskóla og því verður ekki um viðbótar innri leigu að ræða.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. mars 2024, liggur fyrir.

Verkefnið er fjármagnað með eftirfarandi hætti

- Fjárheimildir með hverjum nemanda skv. Eddu líkani 1.800 þús. pr. nemanda.
- Framlag vegna Íslensku 2 skv. Eddu líkani 130 þús. pr. nemanda.
- Framlag frá ríkinu að fjárhæð 2.900 þús. pr. nemanda. Greiðslan hefst þann dag sem nemandi mætir í skólann og hætta þann dag sem staða nemandans breytist eða hann flytur úr landi.

Tillagan rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.





Umsögn

Viðtakandi: Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillaga sviðstjóra um stofnun stoðdeildar vegna móttöku barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og sækja nám í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um stofnun nýrrar stoðdeildar vegna móttöku barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og sækja nám í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Deildin þjóni nemendum á yngsta og miðstigi, eða fyrir 1. – 5. bekk og staðsett við grunnskóla við Bústaðahverfi. Stoðdeild Birtu við Seljaskóla mun þjónusta börn í 6. – 10. bekk. Með tillögunni fylgir kostnaðarmat sviðsins uppá 38,5 m.kr. á ársgrundvelli.

Í úttekt á starfsemi stoðdeildar Birtu á árunum 2019 – 2022 sem var skilað til skóla- og frístundasviðs í ágúst 2023, var lagt til að stoðdeild skyldi vera aldurskipt til að mæta ólíkum þörfum barna. Starfsemi stoðdeildar Birtu fer fram núna við Seljaskóla og eru um 50 nemendur í 3.-10. bekk þar í dag. Húsnæði Seljaskóla dugar ekki til að sinna þessum mikla fjölda. Ef þjónusta á börn í stoðdeild frá 1. bekk er nauðsynlegt að hafa starfsemina nærri því búsetuúrræði sem fjölskyldur fá úthlutað og því er það álit SFS að vel færi á því að starfsemin verði við Breiðagerðisskóla og samnýtt húsnæði með frístundaheimilinu Sólbúum. Beinn kostnaður Reykjavíkurborgar við nemenda í 24 barna stoðdeild án greiðslan frá ríkinu er um 2.791 þ.kr. á ársgrundvelli án húsnæðiskostnaðar. Til hliðsjónar er heildar meðalkostnaður við barn í skólum án húsnæðiskostnaðar í Eddu líkani 1.801 þ. kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við kostnaðarmatið enda er það í samræmi við kostnaðarmat á innleiðingaráætlun á tillögum starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka í fjárhagsáætlun 2024 og því yrði að skoða breytta forgangsröðun fjárheimilda sviðsins eða leita annarra leiða til að fjármagna verkefnið. Í því ljósi er mikilvægt að gerð sé fagleg áætlun um nýjar sérdeildir og fjölgun plássu sem taki mið af fjárhagslegu svigrúmi borgarsjóðs þannig að hægt sé að tryggja fjármögnun þjónustunnar í fjárhagsáætlun borgarinnar.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*



Breiðagerðisskóli

Reykjavík 2. maí 2024

Efni: Ályktun skólaráðs Breiðagerðisskóla um tillögu skóla- og frístundasviðs um að Birta, 1. – 5. bekkur verði deild við Breiðagerðisskóla og starfsemi hennar verði undir stjórn og á ábyrgð skólans. Birta er skólaúrræði fyrir börn flóttafólks sem hefur sótt um alþjóðlega vernd.

Skólaráð Breiðagerðisskóla styður ekki tillögu skóla- og frístundaráðs um að Birta – yngri deild verði staðsett við Breiðagerðisskóla né að skólinn verði ábyrgur fyrir starfsemi og rekstri hennar. Þessi afstaða var samhljóma meðal fundarmanna og byggir á eftirfarandi röksemdum.

Það er óhjákvæmilegt að Birta muni þrengja að starfsemi skólans á ýmsa vegu. Með vísan í greinargerð skólastjóra um möguleika Breiðagerðisskóla til að hýsa Birtu er ljóst að tæplega er húsnæðið nógu stórt til að hýsa starfsemi Birtu og skólans svo vel fari. Á meðan nemendum skólans fjölgar ekki er hægt að nýta útikennslustofur fyrir starfsemi Birtu en ekki verður hægt að veita aðgengi að sundlaug, íþróttahúsi eða list- og verkgreinastofum að óbreyttu. Jafnframt er matsalurinn í skólanum of lítill.

Það er mikil óvissa tengd þessu verkefni hvað varðar önnur áhrif sem það gæti haft á skólastarf. Skólaráð hefur áhyggjur af því að þegar verkefnið er komið í hús muni það vinda upp á sig og valda ýmsu ófyrirséðu álagi sem hafi áhrif á gæði náms og kennslu við skólann.

Af þessum sökum leggur skólaráð Breiðagerðisskóla til að Birtu verði fundinn annar staður en við Breiðagerðisskóla.

Fyrir hönd skólaráðs Breiðagerðisskóla

Þorkell Daníel Jónsson - skólastjóri

Breiðagerðisskóli
Breiðagerði 20
108 Reykjavík
email: breidagerdisskoli@reykjavik.is
Veffang / website : www.breidagerdisskoli.is

Sími / Phone: 411-7300
Bréfsími / Fax: 517-7361
Netfang /

Úttekt á starfsemi stoðdeildar

skólaúrræði fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd

júní 2023

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Inngangur	5
Gagnaöflun.....	6
Stoðdeild fyrir nemendur í leit að alþjóðlegri vernd.....	7
Niðurstöður.....	9
Könnun meðal skólastjórnenda og kennara	9
Samantekt á niðurstöðum meðal skólastjórnenda.....	9
Samantekt á niðurstöðum meðal kennara	10
Könnun meðal málstjóra TUAV	11
Rýnihópur fyrrum nemenda	13
Sjónarmið barna - samantekt á niðurstöðum.....	14
Rýnihópur foreldra fyrrum nemenda.....	15
Samantekt á niðurstöðum með foreldra	15
Réttindi og hagsmunir barna	17
Tillögur að aðgerðum er varðar starfsemi stoðdeildarinnar	21
Tillögur um staðsetningu skólaúrræðis	21
Aðrar tillögur er lúta að móttöku, undirbúning og samstarfi	23

Samantekt

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi stoðeildar fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi stoðeildarinnar og koma með tillögur að stefnumótun um framtíðasýn vegna skólagöngu barna sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd á Íslandi.

Stoðeildin var stofnuð 2019 sem skólaúrræði fyrir börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd á Íslandi með búsetu í Reykjavík. Frá því að stoðeildin var stofnuð hefur fjöldi þeirra nemenda sem sótt hafa þjónustu deildarinnar aukist jafnt og þétt. Ljóst er að ef spár ganga eftir mun þessi fjöldi aukast næstu árin. Frá upphafi var gert ráð fyrir að nemendur fengju þjónustu í stoðeildinni á meðan umsókn væri afgreidd hjá Útlendingastofnun og aldrei lengur en sem næmi einu skólaári. Í ljósi umsagna þeirra sem komu að úrræðinu og einnig foreldra og nemenda sem voru í stoðeildinni, þarf að endurskoða áherslu á tímaramma þjónustu hvers einstaklings út frá fleiri viðmiðum en námslegum. Sérstaklega er horft þar til félagslegra- og sálrænna viðmiða en það kemur sterkt fram hjá öllum sem tóku þátt í könnunum og rýnihópaviðtölum að mikið vantar upp á að efla félaglega og sálræna umgjörð stoðeildarinnar.

Starfsmenn virðast almennt vera vel undir það búnir að sinna þeirri kennslu sem veitt er í stoðeildinni en mikilvægt er að í stoðeildinni starfi einstaklingar sem einnig hafa breiðan tungumála- og menningarbakgrunn með tilliti til samsetningar nemendahópsins.

Húsnæði og aðbúnaður bæði nemenda og starfsfólks er ábótavant og hefur stoðeildin frá stofnun samnýtt húsnæði með frístundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar. Þetta leiðir til þess að starfseminni er sniðinn þröngur tímarammi og einnig missa nemendur stoðeildarinnar af því að vera í samskiptum við íslenska jafnaldra.

Helstu styrkleikar stoðeildarinnar eru sérstaða hennar í námsfyrirkomulagi, metnaðarfullt og hæft starfsfólk, ánægðir nemendur og jákvæður skólabragur. Veikleikar eru þeir helstir að húsnæðið hentar illa fyrir starfsemina, það er of lítið og úr tengslum við skólann. Nemendur þurfa oft að ferðast um langan veg með almenningsvögnum til að sækja skólann. Fámennst starfslið er illa í stakk búið til að taka á móti miklum fjölda nemenda og halda uppi markvissri kennslu í blönduðum hóp með

ólíkar félagslegar og námslegar þarfir. Nemendur hafa vegna stöðu sinnar lítið til að hverfa að eftir að skóla lýkur á sumrin.

Helstu tillögur til úrbóta beinast að því hvar og með hvaða hætti nemendur fái nægan undirbúning fyrir nám í almennum grunnskóla. Tillögurnar eru fjórar og settar upp í þeirri röð að þarfir barnsins eru hafðar að leiðarljósi. Einnig eru settar fram tillögur um áherslur í námi, fjölda nemenda á hvern kennara og viðmið um námstíma í stoðeildinni. Starfshópurinn telur brýnt að farið verði í stefnumótun um framtíðarsýn vegna skólagöngu barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi stoðdeildar fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd. Úttektin er gerð á grundvelli þess að um tilraunaverkefni var að ræða sem stóð frá hausti 2019 til hausts 2022. Starfshópur var skipaður í mars 2023 til þess að vinna að úttektinni. Starfshópurinn skipuðu: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar SFS (formaður), Eva Bjarnadóttir, teymisstjóri innanlandsverkefna UNICEF á Íslandi, Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, deildarstjóri stoðdeildar við Seljaskóla og Íris Björk Kristjánsdóttir, málstjóri hjá Teymi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd (TUAV). Markmið með starfshópnum er að gera úttekt á þróunarverkefninu sem lauk vorið 2022 og að gera tillögur að stefnumótun um framtíðasýn vegna skólagöngu barna sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur fékk leyfi hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti vorið 2019 til þess að þróa nýja leið hjá Reykjavíkurborg til að efla móttöku, aðlögun og skipulag náms barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi. Stoðdeild var stofnuð árið 2019 og tók mið af þeim fjölda barna sem höfðu verið í þjónustu Reykjavíkurborgar fyrri ár. Við upphaf starfseminnar var gert ráð fyrir að allt að 24 nemendur væru í þjónustu stoðdeildarinnar hverju sinni. Fyrsta starfsár stoðdeildarinnar fór fjöldi nemenda aldrei yfir það hámark sem sett hafði verið. Næsta skólaár þar á eftir jókst fjöldinn til muna og voru nemendur allt að 40 í úrræðinu á sama tíma. Þróunin hefur verið þannig að fjöldi barna hefur aukist og gera spár ráð fyrir að sú fjölgun muni halda áfram á næstu árum. Börn sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi og fá þjónustu í Reykjavík eru annars vegar á vegum TUAV og hins vegar á vegum Vinnumálastofnunar. Þjónustusamningar þessara stofnana eru ólíkir sem leiðir til þess að sú þjónusta sem börnunum er veitt er mjög ólík. Það er mikilvægt að Reykjavíkurborg setji sér heildstæða og samræmda stefnu milli Skóla- og frístundasviðs og Velferðarsviðs er varðar þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Mikilvægt er að skoða aðdraganda stofnunar stoðdeildarinnar, hvað lá til grundvallar þeirri ákvörðunartöku, verkþættir/áætlanir, skipulag og framkvæmd verkefnisins. Auk þess þarf að móta heildstæða stefnu um þá skólaþjónustu sem skóla- og frístundasvið veitir þeim hópi barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi. Um er að ræða stóran hóp barna sem oft hefur enga, litla eða skerta skólagöngu að baki. Börnin

búa víðsvegar um borgina og því oft um langan veg að fara með almenningssvagni til að sækja skólaúrræðið. Stefnunni er ætlað að vera leiðarljós í faglegu skólastarfi fyrir þennan viðkvæma hóp.

Helstu verkefni starfshópsins voru:

- Að gera úttekt á starfsemi stoðeildarinnar sem þróunarverkefni.
- Að meta hvernig starfsemin hefur gengið og hvort það sem lagt var upp með í upphafi hafi gengið eftir.
- Að koma með tillögur að framtíðarsýn vegna skólagöngu barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd sem felur í sér.
- Að koma með tillögur um móttökuáætlun barna sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd með tilliti til skólagöngu þeirra.
- Að koma með tillögur um fjölda barna í hverju úrræði.
- Að koma með tillögur um fjölda barna á hvern kennara í hverju úrræði.
- Að koma með tillögu um áherslur í námi.
- Að koma með tillögu um námstíma og viðmið.

Gagnaöflun

Úttektin byggir á gögnum tengdum starfsemi stoðeildarinnar, könnunum og rýnihópaviðtölum. Meðal þeirra gagna sem lögð voru fram eru skýrsla starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarf, stöðuskýrsla stoðeildarinnar við Álftamýrarskóla og ársskýrslur stoðeildarinnar gerðar á árunum 2020-2022.

Könnun var gerð í byrjun maí 2023 á meðal skólastjórnenda og starfsfólks sem höfðu komið beint að starfsemi stoðeildarinnar. Úttektaraðilar völdu fulltrúa fyrrum nemenda og foreldra í rýnihópa. Túlkar voru fengnir fyrir báða rýnihópana til að skoðanir kæmust sem best til skila. Rýnihópaviðtöl fóru fram í lok maí. Markmiðið með rýnihópunum var að fá fram viðhorf þeirra sem höfðu notið þjónustu stoðeildarinnar.

Stoðdeild fyrir nemendur í leit að alþjóðlegri vernd

Í september 2018 kom út skýrslan [Velkomin](#) með tillögum um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfi. Meðal tillagna starfshópsins var að stofnuð yrði stoðdeild við einn grunnskóla Reykjavíkurborgar þar sem þróuð yrði starfsemi fyrir nemendur í 3. – 10. bekk með litla eða slitna skólagöngu að baki. Starfsemin hófst haustið 2019 með einu stöðugildi umsjónaraðila, þremur stöðugildum kennara og einu stöðugildi stuðningsfulltrúa sem skyldi miða við 24 nemendur og fékk deildin nafnið Birta. Markmið stoðdeildarinnar er að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir námslega og að námið í deildinni sé undirbúningur fyrir hefðbundna skólagöngu hér á landi eða annars staðar í heiminum. Ákveðið var að leggja áherslu á að kenna nemendum íslensku, ensku og stærðfræði auk félagsfærni og samfélagsfræði þar sem áhersla er lögð á að kynna íslenska menningu og sögu. Lagt var upp með að nemendur gætu myndað tengsl við íslenska jafnaldra sína og var lögð áhersla á að nemendur stoðdeildarinnar myndu taka þátt í íþróttatímum og list- og verkgreinum með íslenskum jafnöldrum sínum í Álftamýrarskóla. Auk þess var hvatt til þess að nemendur myndu sækja skipulagt frístundastarf að hefðbundnum skóladegi loknum, börn í 1. - 4. bekk færu í frístundaheimilið Álftabæ og nemendur í 5. - 10. bekk myndu sækja í félagsmiðstöðina Tónabæ. Nemendur skyldu vera að hámarki sex til níu mánuði í stoðdeildinni áður en þeir innrituðust í hverfisskóla. Einnig var lagt til að mat á námslegri stöðu barnanna færi fram í samvinnu við ráðgjafa Miðju máls og læsis (MML) og teymis Reykjavíkurborgar fyrir umsækjenda um alþjóðlega vernd (TUAV).

Markmið úrræðisins er að undirbúa nemendur undir hefðbundna skólagöngu með áherslu á að mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur námslega. Í upphafi var lögð áhersla á tengja starfsemi stoðdeildarinnar við almennt skólastarf. Nemendur áttu að fá tækifæri til að fylgja jafnöldrum sínum í íþróttum og verk- og listgreinum. Þetta gekk ekki eftir þar sem aðallega kom til fjarlægð stoðdeildar frá skólanum. Stoðdeildin var staðsett í félagsmiðstöðinni Tónabæ og var nokkurra mínútna gangur á milli starfsstöðvar og Álftamýrarskóla. Aðbúnaður í starfsstöðinni hentaði illa fyrir hefðbundna kennslu og voru ýmsir annamarkar á því. Kennslurýmið var þröngt, myndvarpa vantaði sem og hátalara eða hljóðkerfi. Breiður aldurshópur nemenda var áskorun og var hópnum skipt upp í yngri og eldri hóp. Einnig var það ákveðin áskorun

að nemendur voru að innritast og hætta í deildinni á ýmsum tímum sem ekki var alltaf fyrir séður. Síðasta starfsárið höfðu ýmsir verkferlar slípast til. Við innritun fengu nemendur möppu með ýmsum upplýsingum um skóla- og frístundastarf og hófu skólagöngu einum til tveimur dögum eftir innritun. Yfirfærsla frá stoðþjónustu í almennan skóla var einnig í ákveðnu ferli. Þátttaka barna í skipulögðu frístundastarfi gekk ágætlega og sótti stór hópur barna þátttöku á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðinni.

Niðurstöður

Í byrjun maí voru lagðar fyrir rafrænar kannanir á meðal nokkurra skólastjórnenda og kennara sem komið hafa að starfsemi stoðeildarinnar frá 2019 fram til dagsins í dag. Einnig fór fram könnun meðal málustjóra TUAU sem höfðu sent inn umsóknir í stoðeildina fyrir hönd skjólstæðinga sinna. Í lok maí fóru fram tvö rýnihópa viðtöl, við fyrrum nemendur stoðeildarinnar og við foreldra fyrrum nemenda stoðeildarinnar.

Könnun meðal skólastjórnenda og kennara

Rafræn könnun var lögð fyrir fimm stjórnendur og sex kennara en einungis þrír skólastjórnendur og fjórir kennarar svöruðu könnuninni. Markmið með fyrirlögn könnunarinnar var að draga fram upplýsingar varðandi reynslu stjórnenda af stoðeild sem sérhæfir sig í móttöku barna í leit að alþjóðlegri vernd. Þættir sem litið var til voru:

- reynsla af móttöku nemenda í stoðeildina
- undirbúningur nemenda stoðeildarinnar fyrir almennt skólastarf
- móttaka nemenda með rofna skólagöngu
- nemenda með samfellda skólagöngu eftir að þeir ljúka námi í stoðeildinni
- félagsleg tengsl nemenda í stoðþjónustunni
- yfirfærsla í námi frá stoðeild í heimaskóla
- móttaka nemenda sem hafa ekki notið þjónustu stoðeildarinnar
- og kostir og gallar skólaúrræðisins.

Samantekt á niðurstöðum meðal skólastjórnenda

Fjögur þemu komu fram í svörum skólastjórnenda; *aldur nemenda, íslenskukennsla, félagsleg tengsl og líðan*.

Aldur nemenda

Aldur nemenda kemur oft fram í svörum þátttakenda og þá einna helst þegar aldursdreifingin er nefnd. Breytt aldursbil nemenda er ókostur og erfitt reynist að samræma kennslu nemenda á ólíkum aldri.

Íslenskukennsla

Mikil áhersla var á íslenskukennslu í stoðeildinni sem skilaði sér í góðri undirstöðu í grunnþáttum íslenskunnar. Þau voru að jafnaði vel undirbúin þegar þau koma út í almennan bekk. Einnig kemur fram að vegna þess að nemendur stoðeildarinnar hafa

lítið eða ekkert aðgengi að íslenskum jafnöldrum þeirra eru fá tækifæri til að þjálfva tungumálið utan kennslu.

Félagsleg tengsl

Þátttakendur nefna að nemendur í stoðdeildinni eru aðgreindir frá nemendum með íslenskan bakgrunn og telja það vera mikinn ókost varðandi úrræðið. Einnig er nefnt að þar sem nemendur stoðdeildar sækja ekki skóla í sínu heimahverfi eignist þau ekki vini og mynda ekki félagsleg tengsl við börn á sama aldri í sínu nær umhverfi. Mikilvægt er að gera unglingum kleift að eiga samskipti við íslenska jafnaldra sína bæði námslega og á félagslegum grunni.

Líðan

Það er mikilvægt að vinna með líðan barna sem eiga brotna skólagöngu að baki. Í úrræðinu var unnið með líðan og tilfinningar sem skilaði sér þegar börnin innrituðust í almennan skóla. Sérstaklega átti þetta við um yngri börnin, þau áttu auðveldara með að aðlaga sig að breyttu umhverfi. Eldri börnin áttu erfiðar uppráttar og kom fram að þau þyrftu jafnvel lengri tíma í úrræðinu. Með lengri viðveru unglinga í stoðdeildinni væri hægt að vinna meira með einstaklinginn með áherslu á að efla sjálfsmyndina.

Samantekt á niðurstöðum meðal kennara

Í niðurstöðum könnunar á meðal kennara komu fram sömu þemu og höfðu komið fram í svörum skólastjórnenda en að auki kom fram þema varðandi húsnaðið; *aldur nemenda, íslenskukennsla, félagsleg tengsl, líðan og húsnaði*. Svörin endurspeglu að mörgu leyti þau svör sem komu fram hjá skólastjórnendum. Nefnt er að dýrmætt sé fyrir börnin að komast í þessa þjónustu og eignast þar af leiðandi bakland í bæði starfsfólki og samnemendum. Það kemur fram að kennarar sem hafa komið að kennslu í stoðdeildinni eru almennt vel upplýstir um markmið stoðdeildarinnar og eru vel undirbúnir til þess að taka að sér kennslu í stoðdeildinni.

Aldur nemenda

Aldursdreifing nemenda er ákveðin áskorun sem hægt er að laga með því að hafa tvo aðskilda hópa. Unglingarnir þurfa meiri kennslu og þurfa jafnvel að vera lengur í úrræðinu.

Íslenskukennsla

Nemendur stoðþjónustunnar höfðu mjög misjafna skólagöngu að baki. Nemendur höfðu allt frá því að hafa samfellda skólagöngu að baki upp í að hafa aldrei verið í skóla. Námslegum þörfum nemenda er mætt með góðum grunni í íslensku og einstaklingsmiðuðu námi. Finna þarf leiðir til að efla málupptöku nemenda og gera þeim kleift að stunda nám með íslenskum jafnöldrum. Nemendur fara á mis við ýmislegt vegna skorts á íslenskukunnáttu.

Félagsleg tengsl

Yngri börnin hafa ekki öll aðgang að frístundaheimili eftir skóla. Unglingarnir hafa aðgang að félagsmiðstöðvum í skólahverfi stoðþjónustunnar sem gefur þeim tækifæri til að umgangast íslenska jafnaldra. Starfsmenn stoðþjónustunnar reyna einnig að aðstoða nemendur við að komast í mismunandi tómstundastarf. Erfitt getur verið að takast á við þau verkefni sem koma upp þegar einn málahópur verður ráðandi í stoðdeildinni.

Líðan

Börnin glíma sum við áfallastreitu og hafa áhyggjur af stöðu sinni. Þau hafa misst allt, bæði vini og veraldlega hluti. Auk þess stríða þau við þann vanda að vera aðskilin frá íslenskum jafnöldrum á skólatíma sem eykur á vanlíðan þeirra.

Húsnæði

Kennurum er tíðrætt um húsnæði stoðdeildarinnar. Húsnæðið setur starfseminni afar þröngar skorður. Það er bæði óhentugt fyrir starfsemina og einnig gerir fjarlægðin frá aðalbyggingu skóla það að verkum að mikill tími fór í að fara á milli bygginga. Af þeim sökum varð erfitt að uppfylla eitt af markmiðum stoðdeildarinnar sem sneri að þátttöku nemenda stoðdeildar í almennu skólastarfi s.s. íþróttum og verk- og listgreinum. Húsnæðið er samnýtt og því enginn aðgangur að kennslurými eftir að kennslu lauk sem er mikill ókostur að mati kennaranna.

Könnun meðal málstjóra TUAV

Leitað var umsagnar frá málstjórum í Teymi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd hjá Reykjavíkurborg (TUAV) um stoðdeildina. Þættir sem litið var til var innritunarferlið, hversu langur tími leið frá því að umsókn var lögð inn og þar til barn hóf skólagöngu,

samstarf við starfsfólk stoðdeildarinnar, hvað var vel leyst og hvað reyndist áskorun. Í svörum málastjóra komu fram fjögur þemu: *innritun, samskipti, staðsetning/húsnæði, félagsleg tengsl og þátttaka nemenda stoðdeildarinnar í almennu skólastarfi.*

Innritun

Markmið innritunarfunda átti að vera kynning á kennurum og starfsemi stoðdeildarinnar ásamt því að bjóða nýja nemendur velkomna. Hins vegar reyndust þeir of langir og óhnitmiðaðir. Spurningar oft og tíðum nærgöngular og börn sett í stöðupróf í ensku og stærðfræði án viðvörunar. Spurt var um áföll hjá börnum sem var óviðeigandi og setti sjálf viðtölin úr skorðum. Gæta þarf að því að þessi fyrsta snerting sé vönduð og að nýir nemendur upplifi sig velkomna.

Samskipti

Nemendur og foreldrar greindu frá ánægju með kennarana og upplifðu öryggi í skólanum. Kennarahópur var með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem auðveldaði samskipti við nemendur og foreldra þeirra, boðleiðir voru einfaldari þar sem ekki þurfti að notast við túlka og hægt var að leiðbeina nemendum strax þegar félagslegar og námslegar áskoranir komu upp komu á skólatíma. Nemendur fóru oft í vettvangsferðir og unnu fjölbreytt verkefni og buðu foreldrum reglulega í foreldrakaffi í skólanum þar sem þeir kynntu verkefnin. Fjöldi umsækjenda um vernd er sveiflukenndur og deildin var illa í stakk búin til að taka skyndilega á móti auknum fjölda nemenda. Þegar það gerðist varð mikil töf á innritun og skólabyrjun. Það hafði í för með sér blöndun á milli nemenda sem tilheyrðu unglिंगadeild og nemenda sem tilheyrðu miðstigi sem setti kennsluna úr skorðum. Félagslegar þarfir eldri og yngri nemenda stönguðust á og fá stöðugildi kennara gerði það að verkum að erfitt var að mæta námslegri getu nemenda. Einn málahópur varð ráðandi í nemendahópnum en þá vantaði tungumálabakgrunn hjá starfsfólki til að mæta þeim áskorunum sem því fylgdi. Erfiðlega gekk að leysa úr áskorunum sem komu upp á milli nemenda og uppbyggilegar lausnir voru ekki fyrir hendi.

Staðsetning/húsnæði

Þrátt fyrir að stoðdeildin væri staðsett í frístundarheimili innan Álftamýrarskóla var lítil tenging inn í almennt skólastarf. Húsnæðið var samnýtt með annarri starfsemi sem olli tilheyrandi raski. Staðsetning stoðdeildarinnar innan Reykjavíkur var þó hentug þar

sem hún var miðsvæðis og almenningssamgöngur að mestu leyti góðar úr öðrum hverfum.

Félagsleg tengsl og þátttaka nemenda stoðeildarinnar í almennu skólastarfi

Blöndun við almennt skólastarf Álftamýrarskóla var lítil og félagsleg tengsl við íslenskumælandi nemendur þar af leiðandi í lágmarki. Nemendur stoðeildarinnar voru takmarkað í íslensku málumhverfi á skólatíma. Hins vegar var áhersla á tengingu inn í frístund og félagsmiðstöð í skólahverfinu. Þetta var áskorun einkum hjá nemendum í unglingsáldri sem voru með litla eða enga skólagöngu að baki. Lítil tími var gefinn til að mæta þeirra þörfum, vinna með styrkleika þeirra og leiðbeina með félagslega þætti.

Rýnihópur fyrrum nemenda

Rýnihópur fyrrum nemenda ræddi upplifun barnanna af veru þeirra í skólaúrræði stoðeildarinnar. Sex börn tóku þátt, en þar af höfðu fimm börn verið í stoðeildinni. Eitt barn var hluti af fjölskyldu sem tók þátt í rýnivíðtölum en hafði ekki haft aldur til þess að sækja skólaúrræðið. Öll börnin eru útskrifuð úr úrræðinu og sækja nú skóla í sínu hverfi. Til viðbótar bárust skrifleg svör frá barni sem tók ekki þátt í rýnihópnum. Svörin koma fram í samantekt á niðurstöðum hér neðar.

Í undirbúningi fyrir rýnihópaviðtalið var gert áhættumat til þess að tryggja öryggi og réttindi barnanna. Samþykki þeirra og forsjáraðila þeirra lá fyrir og tryggt var að fullorðnir aðilar á svæðinu væru með reynslu af því að vinna með börnum. Viðtalið fór fram í Tónabæ þar sem starfsemi stoðeildarinnar var þegar börnin sóttu skólann. Þau voru því kunnug staðhættum sem talið var að myndi auka öryggisfinningu þeirra. Forsjáraðilar voru á staðnum en í öðru herbergi á meðan viðtalinu stóð.

Viðtalið hófst á tveimur ísbrjótum, nafnaleik og samvinnuleik. Næst var verkefnið kynnt og ítrekað við börnin að þátttaka þeirra væri valfrjáls og að trúnaður yrði virtur. Stuðst var við myndræna kortlagningaraðferð á meðan viðtalinu stóð. Þá er stórt blað notað til þess að halda utan um umræðuna og búa til kort af upplifun barnanna. Tilfinningatákn (emoji) voru notuð til þess að setja tilfinningu á það sem um var rætt. Málefnið var rætt út frá tímaás, allt frá fyrsta fundi með skólanum áður en börnin byrjuðu í stoðeildinni og skiptum yfir í hverfissskóla. Börnin tóku öll þátt í umræðunum en mismikið þó. Ein stúlka var í hópnum og hún tjáði sig minna en drengirnir.

Sjónarmið barna - samantekt á niðurstöðum

Fjögur þemu komu fram í viðtali við börnin; *mikilvægi þess að skilja það sem fram fer, viðmót fullorðinna, tengsl við önnur börn, skiptin yfir í hverfissskóla.*

Börnin nefndu mikilvægi þess að skilja það sem fram fer í skólanum

Það á við um allt ferlið, allt frá innritunarviðtali og þar til farið er yfir í hverfissskóla. Það sem var hjálplegt var að fá stundaskrá og annað í upphafi sem skýrði hvað færi fram í skólanum. Einnig var hjálplegt að hafa börn og kennara sem töluðu móðurmál barnanna og gátu hjálpað til við að þýða. Það var munur á stoðdeildinni og hverfissskólanum hvað þetta varðar. Í stoðdeildinni fengu börnin mikla aðstoð við að skilja það sem fór fram en það er ekki alltaf þannig í hverfissskólanum. Börnin voru sammála um að það væri mikilvægt að hafa snjalltæki við höndina sem getur aðstoðað við að þýða það sem fram fer. Það var þess vegna ekki gott að þeirra mati þegar símar voru bannaðir í kennslustofunni í stoðdeildinni.

Viðmót fullorðinna skipti börnin miklu máli

Börnin sögðu að það hefði verið auðvelt að byrja skólagönguna í stoðdeildinni. Þar hafi verið þægilegt að vera og kennararnir voru góðir. Ein undantekning var á því, en einn fyrrum nemandi hafði upplifað óþægilegar spurningar og vont viðmót í innritunarviðtali.

Tengsl við önnur börn komu ítrekað fram í viðtalinu

Spurt var um vini og voru flest sammála um að þau hefðu eignast góða vini í stoðdeildinni. Þar voru börn sem töluðu sama tungumál og börnin náðu flest vel saman. Börnin töluðu þó líka um ágreining sem varð milli barna af ólíkum uppruna, þá sérstaklega elstu barnanna. Það gat líka verið erfitt fyrir hópinn þegar börn stoppuðu stutt við í stoðdeildinni, sérstaklega ef þeim leið ekki vel. Það var mismunandi hversu vel þeim hefur gengið að eignast vini í hverfissskólanum, en flest sögðust eiga vini.

Börnin báru gjarnan saman reynslu sína í stoðdeildinni við hverfissskólann sem þau sækja núna

Það var erfitt fyrst um sinn að skipta yfir í hverfissskólann en þau vöndust því fljótt. Flest voru sammála um að það væri betra að vera í hverfissskólanum. Sumum þótti það jafngott. Þau upplifðu að þau hefðu verið tilbúin til þess að fara í hverfissskólann eftir að

hafa verið í stoðdeildinni, en að það sé erfiðara að skilja það sem fram fer þar. Eftir útskriftina úr stoðdeildinni tók við langt sumarleyfi þar sem þau höfðu ekki aðgang að vinnuskóla, frístund eða námskeiðum. Það var mjög erfitt og þau sögðust hafa eytt sumrinu í símanum.

Rýnihópur foreldra fyrrum nemenda

Rýnihópur foreldra fyrrum nemenda ræddu um reynslu sína af þjónustu stoðdeildarinnar. Þrír foreldrar tóku þátt í rýniviðtölunum en þrír foreldrar að auki sendu inn skrifleg svör þar sem þau höfðu ekki tók á að taka þátt í rýniviðtölunum. Markmið með rýniviðtölunum var að afla upplýsinga um reynslu og viðhorf foreldra á skólaúrræðinu.

Samantekt á niðurstöðum með foreldra

Fjögur þemu komu fram í svörum foreldra; *öryggi barna*, *aldurskipting nemenda*, *lengd í skólaúrræðinu* og *inntak náms*.

Öryggi barna

Flestir foreldranna töluðu um að mikilvægt væri að finna fyrir öryggi og að lítið skólaúrræði væri mjög heppilegt. Foreldrum var mjög annt um að vita af því af börnunum í öruggum höndum í sérsniðu skólaúrræði.

Aldurskipting nemenda

Allir foreldrarnir voru sammála um að það þyrfti að vera skýrari aldurskipting milli nemenda, þar sem blöndun yngri og eldri nemenda væri ekki heppileg.

Lengd í skólaúrræðinu

Flestir foreldranna töldu að skólaúrræðið ætti að taka meira mið af námslegri stöðu hvers barns, þar sem sum barnanna hefðu þurft að fá að dvelja lengur í stoðdeildinni. Önnur börn gætu tekið meiri þátt í almennu skólastarfi og ættu að fá að gera það. Þau töldu jafnframt að yfirfærsla frá stoðdeildinni yfir í almennan skóla skyldi vera tekin í skrefum til að börnin fyndu fyrir öryggi.

Inntak náms

Foreldrar töldu að sérstaklega skyldi vera lögð áhersla á kennslu í íslensku, ensku og síðan í öðrum námsgreinum.

Réttindi og hagsmunir barna

Menntun eru mikilvæg mannréttindi barna og bera sveitarfélög ábyrgð á að framfylgja þeim réttindum á grunnskólastigi. Jafnframt er skólaskylda á Íslandi og eiga öll börn á grunnskólaaldri að sækja skóla samkvæmt lögum. Áhrif menntunar á líf barna er margþætt. Menntun eflir getu barna til þess að skilja umhverfi sitt en jafnframt að tengjast nærsamfélagi sínu og verða hluti af því. Skólar gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja inngildingu barna, öryggi þeirra og stuðning við hæfi. Þá gera lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ráð fyrir auknum stuðningi við börn í gegnum skólakerfið.

Heildrænt mat á skólaúrræði stoðdeildarinnar krefst aðkomu allra helstu hagaðila, ásamt börnunum sjálfum. Tryggja þarf hæfni þeirra aðila sem koma að matinu og aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. Það var tryggt með því að rýna í greinagerðir fyrrum deildarstjóra stoðdeildarinnar, leggja spurningakannanir fyrir fyrrum og núverandi starfsfólk stoðdeildarinnar og málustjóra í teymi Reykjavíkurborgar fyrir umsækjendur um vernd. Þá voru tekin viðtöl við rýnihópa fyrrum nemenda og foreldra þeirra, og spurningar sendar til fyrrum nemenda sem ekki tóku þátt í rýnihópaviðtali.

Við framkvæmd mats á hagsmunum barna þarf að líta til réttinda þeirra samkvæmt Barnasáttmálanum og stöðu þeirra barna sem um ræðir.

Réttindi barna sem sækja um alþjóðlega vernd eru, samkvæmt Barnasáttmálanum, þau sömu og annarra barna innan landamæra ríkisins. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hvetur stjórnvöld til þess að líta til eftirfarandi þátta þegar meta á hagsmuni barna: skoðun barns, auðkenni barns, s.s. kyn, kynhneigð, trú og menning, fjölskylda og nærumhverfi, umönnun, vernd og öryggi, viðkvæm staða, réttur til menntunar, velferð og félagsþroski, réttur til jafnræðis og umönnun í samræmi við þroska. Listinn er ekki tæmandi og mikilvægt að greina sérstaklega hvaða réttindi barna eiga við þá ákvörðun sem meta á.

Þá skal jafnframt líta til mismunandi hópa barna, s.s. á grundvelli uppruna, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna og hvort þau eru í fylgd foreldra, fylgdarlaus eða í fylgd annarra en forsjáraðila. Þættirnir eru:

Skoðun barns

Samkvæmt rýnihópaviðtölum og skriflegum svörum barna reyndist skólaúrræði stoðeildarinnar hafa fullnægt grundvallarréttindum barnanna hvað varðar menntun og markmið menntunar. Undirbúningur fyrir frekara nám var góður og námsskráin fjölbreytt. Þá tóku börnin virkan þátt og upplifðu að á þau væri hlustað og að starfsfólk legði sig fram um að tryggja að þau skildu það sem fram fór. Almennt virtust þau upplifa að starfsfólk bæri virðingu fyrir auðkennum þeirra s.s. menningu og tungumáli. Ágreiningur milli ólíkra hópa barna, byggt á uppruna þeirra, olli þeim hins vegar óöryggi. Þau lýstu rifrildum og jafnvel slagsmálum vegna ágreinings milli barna. Úrræðið virðist því ekki hafa tryggt með fullnægjandi hætti öryggi barnanna og rétt til verndar. Þar sem úrræðið er eingöngu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd styður það ekki vel við inngildinguna barna. Þau höfðu fá tækifæri til þess að kynnast öðrum börnum og að taka þátt í nærsamfélagi sínu. Úrræðið tryggir því ekki fyllilega jafnræði meðal barna.

Varðandi rétt barna til þess að tjá skoðun sína og að tillit sé tekið til skoðana þeirra virðast börnin ekki hafa tekið þátt í mótun úrræðisins. Þá höfðu börnin ekki aðgang að hefðbundnum þátttökuleiðum skóla s.s. nemendafélagi, skólaráði eða öðru.

1. Auðkenni barns, s.s. kyn, kynhneigð, trú og menning

Úrræðið tryggir að miklu leyti rétt barns til auðkennis. Virðing er borin fyrir menningu, tungumáli og trú. Þó virðist skorta þekkingu á þessu sviði, sbr. ágreining sem varð milli barna byggt á uppruna þeirra. Foreldrar lýstu áhyggjum af aga annars vegar og hins vegar samskiptum kynjanna og því að eldri drengir væru í sama úrræði og yngri stúlkur. Úrræðið virðist ekki hafa tekið tillit til menningarlegra þátta og kynjahlutverka og að þekkingu skorti á því sviði.

2. Fjölskylda og nærumhverfi

Í úrræðinu var vel tekið utan um fjölskylduna og foreldrar sem rætt var við upplifðu að það væru mikil samskipti, upplýsingar og stuðningur. Úrræðið virðist því hafa fullnægt rétti barna til þess að njóta leiðbeiningar fjölskyldu. Úrræðið var þó ekki staðsett í nærumhverfi barnanna og stuðlar ekki að tengingu barna við nærsamfélag sitt, svo sem tómsunda- og frístundastarf. Það var því á höndum TUAV að tengja börn við tómsundur.

3. Umönnun, vernd og öryggi

Umönnun var tryggð í úrræðið með góðu utanumhaldi starfsfólks og góðu skipulagi. Eins og áður segir virðist þó hafa skort á skilning á menningarlegum þáttum, s.s. ágreiningi milli ólíkra hópa og kynjahlutverkum, til þess að tryggja vernd barnanna með fullnægjandi hætti. Þá var húsnæðið tímabundið og ekki skipulagt með skipulagt skólastarf í huga. Það var langt frá skólalóð og skólabyggingu þar sem börnin borðuðu mat. Það stenst ekki hefðbundnar kröfur sem gerðar eru í skólastarfi og brýtur því gegn rétti barnanna til öryggis og jafnræðis.

4. Viðkvæm staða

Úrræðið er skipulagt með börn í viðkvæmri stöðu í huga og fullnægir því réttindum barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Það er ekki ljóst af þessari greiningu hvort reynt hafi á aðra þætti, s.s. hvað varðar fötlun, heilbrigðisvanda, ofbeldi eða vanrækslu á heimili eða aðra þætti sem gætu sett barn í enn viðkvæmari stöðu.

5. Réttur til menntunar

Úrræðið er skipulagt til þess að uppfylla rétt allra barna til menntunar. Námskráin miðar að þörfum þeirra barna sem þar eru og er einstaklingsmiðuð. Samkvæmt greiningunni virðist menntunin hafa verið góður undirbúningur fyrir þátttöku í almennu skólakerfi.

6. Velferð og félagsþroski

Í úrræðinu var hugað að velferð barna og stuðlað að félagsþroska þeirra í gegnum nám og leik. Skortur var þó á tækifærum til inngildingar í samfélaginu. Börnin höfðu ekki aðgang að hefðbundnum leiðum sem skólar eru með til þátttöku s.s. nemendafélag, skólaráð og fleira.

7. Réttur til jafnræðis

Skólaúrræðið uppfyllir rétt til jafnræðis að því leyti að markmið þess er að börn fái menntun við hæfi og nauðsynlegan stuðning við að komast inn í almenna skólakerfið. Það tryggir þó ekki inngildinu barna í þeirra nærumhverfi með sama hætti og hverfissskóli og -frístund gerir. Börnin þurfa að ferðast langan veg í skóla og samgöngur eru stundum erfiðar. Þau hitta ekki önnur börn og hafa ekki sömu tækifæri til þátttöku.

8. Umönnun í samræmi við þroska

Aldursbil barna í úrræðinu er breitt og erfitt að tryggja að þörfum barna á ólíkum aldri sé mætt. Úrræðið tryggir ekki fyllilega rétt barna til umönnunar í samræmi við aldur og þroska þeirra.

Greining

Áhrif skólaúrræðis stoðeildarinnar á réttindi barna eru almennt jákvæð en það er þó þörf á úrbótum. Rétt barnanna til menntunar, þ.e. menntunar sem er sérstaklega miðuð að þeirra þörfum, þarf að vega á móti rétti þeirra til jafnræðis og þátttöku í almennu skólakerfi. Aðgreining þessa hóps barna í sérúrræði hefur neikvæð áhrif á rétt þeirra til þátttöku og jafnræðis, réttar til umönnunar í samræmi við þroska, og réttar til verndar og öryggis. Ákvarðanir varðandi úrræðið þurfa taka mið af þessum atriðum og leggja þarf til leiðir til þess uppfylla þessi réttindi barnanna. Ef halda á áfram með sérstakt skólaúrræði fyrir börn sem eru umsækjendur um vernd þarf að leita leiða til þess að tryggja aðgengi barnanna að frístunda og tómstundastarfi og efla tengsl þeirra við nærumhverfi og íslenskumælandi jafnaldra. Þá þarf að aldursskipta úrræðinu og tryggja öryggi barnanna. Efla þarf þekkingu starfsfólks á menningu barnanna og koma í veg fyrir ágreining á grundvelli uppruna. Þá þarf að huga að þáttökuleiðum barna og skapa tækifæri fyrir þau til þess að taka þátt í ákvörðunum sem varða þau.

Út frá þeim upplýsingum sem hér hefur verið farið yfir er erfitt að meta áhrifin á mismunandi hópa. Engin dæmi voru um að fötluð börn hefðu tekið þátt í skólaúrræðinu, en samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir má gera ráð fyrir að úrræðið henti ekki öllum fötluðum börnum. Huga þarf því að aðgengi að menntun fyrir fötluð börn sem eru umsækjendur um vernd.

Tillögur að aðgerðum fyrir starfseminu

Tillögurnar byggja greiningunni á þörfum barna sem lýst er í kaflanum um *Réttindi og hagsmuni barna* hér að ofan. Mikilvægt er að horfa sérstaklega til fjölda barna með tilliti til fjölda starfsmanna sem sinna eiga markvissri kennslu og undirbúningi fyrir almennt skólastarf. Nemendahópurinn er oft á tíðum viðkvæmur og þarf sértækan stuðning í námi sbr. skilgreiningu í 2. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Þar sem um sértækan stuðning er að ræða er lagt til að nemendafjöldi fari ekki yfir 10 nemendur í hverjum nemendahóp miðað við einn kennara. Félagslegum- og sálrænum þörfum nemenda þarf að sinna sérstaklega vel og koma á góðu samstarfi á milli stoðeildar og félagsmiðstöðva. Horfa þarf til bæði námslegra-, félagslegra- og sálrænna aðstæðna hvers nemanda þegar lengd námstíma í skólaúrræðinu er ákvarðaður. Foreldrasamstarf er mikilvægt og þarf sérstaklega að huga að þeim samskiptum ekki síst ef úrræðið verður flutt inn í hverfissskóla barnsins.

Sviðsmyndir um staðsetningu skólaúrræðis

Sviðsmynd 1: *Nemendur fari í sinn hverfissskóla og fái þar sértæka íslenskukennslu, sálrænan stuðning og einstaklingsmiðað nám meðan mál þeirra er í ferli. Foreldrasamstarf er mikilvægt og sérstaklega hlúa að þeim þætti*

Rök: Nemendur eru meðal íslenskra jafnaldra þar sem þau ná hraðari upptöku í íslensku í gegnum leik og starf. Þau eru næst heimili sínu og getað tekið þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi með íslenskum jafnöldrum. Nemendur þurfa ekki að ferðast langar vegalengdir til að sækja skóla.

Áskoranir: Þekkingu og reynslu kennara og annarra starfsmanna í málaflokknum skortir og þarf að þjálfar starfsmenn í að vinna með börnum í viðkvæmri stöðu. Það verður mikið álag á bekkjakennara og stjórnendur skólans við að sinna þessum hópi svo vel sé. Nemendur stoppa mislengi við í úrræðinu og því getur orðið mikið álag á starfsmenn skólans og hefur það áhrif á líðan samnemenda barnanna. Nemendur þurfa að vinna upp námsefni á skömmum tíma.

Kostnaður: Eitt stöðugildi kennara og eitt stöðugildi stuðningsfulltrúa við hvern skóla miðað 8-10 börn.

Sviðsmynd 2: Starfseminni verði bætt við úrræði íslenskuvera í hverju skólahverfi

Rök: Börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd sækja námsver við íslenskuverin þar sem þau fá nám við hæfi, fá sértækan stuðning og tengjast félagslega við sína íslensku jafnaldra. Börnin eru nær heimili sínu og getað tekið þátt í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi með íslenskum jafnöldrum sínum. Samgöngur eru aðgengilegar. Námskrá íslenskuvera taka þegar mið af tímabundnu úrræði nemenda og er lögð áhersla á að börnin sækji sinn heimskóla að hluta til og þar með tengjast þau sínum íslensku jafnöldrum.

Áskoranir: Þekkingu og reynslu kennara og annarra starfsmanna í málaflokknum skortir og þarf að þjálfar starfsmenn í að vinna með börnum í viðkvæmri stöðu. Huga þarf að hentugu húsnæði þar sem húsnæðiskostur íslenskuvera er þegar sprunginn á öllum starfsstöðum. Starfsemi íslenskuvera og þessa úrræðis er mjög ólík vegna ólíkra þarfa nemenda.

Kostnaður: Tvo stöðugildi kennara og tvo stöðugildi stuðningsfulltrúa fyrir hvert íslenskuver.

Sviðsmynd 3: Stöðdeildin þjónusti einungis nemendur í 7.-10.bekk. Nemendur í 1.- 6. bekk innritast beint í sinn hverfissskóla

Rök: Nemendur í 1. - 6. bekk - sjá tillögu 1. Nemendur í 7. - 10. bekk fá sértækari kennslu til að mæta þeirra námslegu og félagslegu stöðu. Námskráin yrði algjörlega aðlöguð þeirra námslegu stöðu og stuðningur veittur eins lengi og þörf er á.

Áskoranir: Samskonar áskoranir fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og í tillögu 1. Nemendur í 7. - 10. bekk hafa færri tækifæri til að eignast íslenska vini. Þeir eru fjarri sínu hverfi og flóknari samgöngur. Nemendur í 1. – 6. bekk þurfa að vinna upp námsefni á skömmum tíma.

Kostnaður: Nemendur í 1. – 6. bekk: Eitt stöðugildi kennara og eitt stöðugildi stuðningsfulltrúa við hvern skóla miðað 8 -10 börn. Fjármagn fyrir 7. - 10. bekk rúmast innan fjárheimilda núverandi úrræðis.

Sviðsmynd 4: Stoðdeildin verði aldurskipt fyrir 1.- 6. bekk og 7.- 10. bekk á tveimur stöðum.

Rök: Byggir á þekkingu í núverandi úrræði. Aldurskipting hentar nemendum mjög vel. Nemendur fá stöðumat og sálrænan stuðning. Yngri börnin taka þátt að hluta til í almennu skólastarfi og þátttaka í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum er tryggð. Nemendur í 7. - 10. bekk fá einstaklingsmiðaða námskrá þar sem þeim er mætt þar sem þeir eru staddir námslega og félagslega.

Áskoranir: Stærsta áskorunin er að efla félagsleg tengsl nemendanna og útfærsla á aðgengi að almennri kennslu. Húsnæði og rekstur stoðeildanna á tveimur stöðum getur verið mikil áskorun auk þess að manna tvær starfsstöðvar. Horfa þarf til samgangna en vegalengdir geta verið áskorun sérstaklega fyrir yngstu nemendurna.

Kostnaður: Gera þarf ráð fyrir 8 -10 nemendum á hvern kennara, auk stuðningsfulltrúa. Fjármögnun ætti að rúmast innan fjárheimilda en nauðsynlegt á rýna nánar.

Hópurinn leggur til að sviðsmynd fjögur verði valin þar sem Birtu er skipt í yngri og eldri nemendahóp. Með aukinni þekkingu í almennum skólum á fjölmenningu og starfsháttum sem taka mið af stöðu og sálrænum stuðningi við hvert barn, verði horft til þess að sviðsmynd eitt geti orðið að veruleika.

Aðrar tillögur er lúta að móttöku, undirbúningi og samstarfi

Þar sem um er að ræða hóp barna sem eru í mjög viðkvæmri stöðu er afar mikilvægt að endurskoða allt faglegt starf sem er í kringum þennan nemendahóp. Auk framangreindra tillagna sem lúta að skólagöngu nemenda sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd er mikilvægt að horfa til annarra þátta sem lúta að þjónustunni. Starfshópurinn leggur til að sérstaklega verði horft til eftirfarandi þátta þegar kemur að því að skipuleggja faglegt starf innan stoðeildarinnar:

1. Að komið verði á starfshópi sem vinnur að gerð móttökuáætlunar fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Starfshópurinn skuli skipa meðal annars fulltrúar úr stoðeildinni, ráðgjafar frá Miðju máls og læsis og brúarsmiðir.

2. Að útbúið verði verklag í kringum mat á námslegri, sálrænni og félagslegri stöðu nemenda.
3. Að útbúið verði verklag um nemendaverndarráð barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.
4. Að útbúið verði verklag í kringum móttöku og þjónustu við börn með fatlanir.
5. Að útbúið verði verklag í kringum foreldrasamstarf.
6. Að útbúið verði verklag í kringum ágreining meðal nemenda.
7. Að lögð verði sérstök áhersla á útikennslu.
8. Að gera breytingar á nafni starfseminnar.
9. Að lögð verði áhersla á að ráða sérstaklega inn starfsmenn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.